

# Bæjarstjórn

278. fundur

20. desember 2023 kl. 12:00 - 12:15

í Ráðhúsi Grundarfjarðar

## Nefndarmenn

Jósef Ó. Kjartansson (JÓK) forseti bæjarstjórnar

Garðar Svansson (GS)

Ágústa Einarsdóttir (ÁE)

Signý Gunnarsdóttir (SG)

Bjarni Sigurbjörnsson (BS)

Loftur Árni Björgvinsson (LÁB)

Sigurður Gísli Guðjónsson (SGG)

## Starfsmenn

Sigurlaug R. Sævarsdóttir (SRS) skrifstofustjóri

Fundargerð ritaði: Sigurlaug R. Sævarsdóttir skrifstofustjóri

## Dagskrá

Forseti setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Álagning útsvars 2024

Málsnúmer 2309031

[Vakta málsnúmer](#)

Lagðir fram tölvupóstar frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 15. og 16. desember sl. varðandi samkomulag sveitarfélaga og ríkisins um fjármögnun þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið var samþykkt á Alþingi og undirritað 15. desember sl.



Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirliggjandi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 15.12.2023, samþykkir bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,97%.

Samþykkt samhljóða.

## 2. Matvælaráðuneytið - Úthlutun byggðakvóta 2023-2024

Málsnúmer 2312015

[Vakta málsnúmer](#)

Lagt fram bréf Matvælaráðuneytisins um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2023-2024, ásamt leiðbeiningum um sérreglur byggðakvóta.

Lagt til að fylgt verði framkvæmd síðustu ára og að ekki verði óskað eftir sérreglum um úthlutun byggðakvóta.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

**Fundi slitið - kl. 12:15.**

